

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 760 frá 21. mars 1988 þar til annað verður ákveðið.

Skuli innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

*Viðskiptaráðuneytið, 17. mars 1988.*

F. h. r.

**Þórhallur Ásgeirsson.**

*Jón Ögmundur Pormóðsson.*

Nr. 153

14. mars 1988

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 496 9. nóvember 1987.

1. gr.

Ný grein, sem verður 8. gr., orðist svo:

Fyrir útgáfu vottorðs vegna viðurkenningaskyldra véla og tækja skal greiða sem hér segir:

- a) Fyrir verkfæri, vélarhluta, persónuhlífar og uppsetningu gas- og þrýstiloftskerfa, kr. 2.500.
- b) Fyrir vélar og vélasamstæðu, kr. 5.000.

2. gr.

8. gr. í gjaldskrá nr. 496 verður 9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 49. og 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestist hér með og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1988.*

F.h.r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Óskar Hallgrímsson.*

### Viðauki 1.

|                   |                           |      |
|-------------------|---------------------------|------|
| Á eftir liðnum OT | Toglyftur fyrir skíðafólk | 14.7 |
| kómi:             |                           |      |
| NB                | Bílalýftur                | 7.6  |